

## 22. fundur skólanefndar MK

<b>Mættir:</b>	Flosi Eiríksson, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Anna María Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Ingvarsson fulltrúi nemenda, Kristín Laufey Guðjónsdóttir fulltrúi foreldra, Halldóra Guðmundsdóttir, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Þóra Elfa Björnsson, Finnur Beck.
<b>Forfallaðir:</b>	Kolbeinn Óttarsson Proppé hefur vikið úr nefndinni vegna annarra starfa.
<b>Staður:</b>	Skrifstofa MK
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:00
<b>Dags.:</b>	7. febrúar 2017

### 5.

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn	FE	
1.	<b>Rekstraráætlun 2017</b>	MF	20 mín
	Skólameistari fór yfir endanlega útgáfu af rekstraráætluninni fyrir árið 2017. Skólanefnd samþykkti áætlunina.		

2.	<b>Kynningar og kynningarmyndband MK</b>	<b>MF</b>	<b>30 mín</b>
	<p>Skólinn hefur látið útbúa nýtt kynningarmyndband fyrir starfsemi skólans og var það sýnt. Skólanefndarmenn lýstu yfir ánægju með myndbandið og fannst það bæði fræðandi og skemmtilegt. Þá hefur verið gefinn út nýr kynningarbæklingur fyrir skólann og var honum dreift. Nokkuð er síðan kynningarefni skólans var endurnýjað vegna þeirra breytinga sem nú eru að ganga yfir skv. námskrá. Því var kominn tíma á uppfærslu á efninu.</p> <p>Skólinn mun taka þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu í Laugardalshöll 16. -18. mars. Þá verður opið hús í MK 22. mars.</p> <p>Þá er skólinn þátttakandi í verkefninu Kvennastarf þar sem tilgangurinn er að vekja athygli á fjölbreyttum störfum í iðn-, tækni- og verkgreinum og að þau séu fyrir bæði kynin.</p>		
3.	<b>Önnur mál</b>		
a.	Skólameistari greindi frá því að hin árlega jafnréttisvika yrði haldin í 11. sinni 6.-9. mars.		
b.	<p>Skólameistari greindi frá því að Menntaskólinn íKópavogi væri í ytri úttekt á vegum menntamálaráðuneytis nú á vorönn 2017 en matið er hluti af lagaskyldu ráðuneytis að taka út alla framhaldsskóla á a.m.k. 5 ára fresti.</p> <p>Stjórnendur skólans fagna ytra matinu og hafa nýlokið við að skila inn umbeðnum gögnum um skólastarfið.</p> <p>Matsmenn munu síðan ræða við nemendur, kennara, starfsmenn og stjórnendur síðar á önninni.</p>		
	Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.00		

Þóra Elfa Björnsson ritaði fundargerð

*Uppfært þriðjudagur, 20 júní 2017 17:29*